

TALMEINAFRÆÐINGAR - STARFSLÝSING

Rétt til að kalla sig talmeinafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis. Talmeinafræðingar skulu hafa lokið MSc/MA meistaraþáttum í talmeinafræði frá viðurkenndum háskóla og sex mánaða verklegri þjálfun undir leiðsögn talmeinafræðings að námi loknu (frekari upplýsingar má sjá í [reglugerð nr. 1125/2012](#) um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga).

Störf talmeinafræðinga eru mjög fjölbreytt og felast í vinnu með börnum og fullorðnum skjólstæðingum auk náinnar samvinnu við aðra fagaðila innan heilbrigðis- og kennarastétta.

Þannig getur starf talmeinafræðings m.a. falist í greiningu og íhlutun barna með ýmskonar mál- og talraskanir. Meðal þeirra má nefna seinkaðan málþroska eða málþroskaröskun, framburðarvanda, stam, skerta hljóðkerfisvitund og þjálfun barna með heyrnarskerðingu og þeirra sem hafa fengið kuðungsígræðslu. Einnig koma talmeinafræðingar að íhlutun og þjálfun barna með skarð í gómi og vör, þjálfun og stuðning við börn sem nýta sér óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og börn með kyngingar- og fæðuinntökuvandamál svo eitthvað sé nefnt.

Fullorðnir skjólstæðingar talmeinafræðinga eru einstaklingar með ýmsar máltruflanir (s.s. málstol), þvoglumæli, munnlegt og mállegt verkstol, raddvandamál og kyngingartregðu. Þessar truflanir eru oft áunnar og geta m.a. orsakast af heilaáföllum, taugaskaða eða taugasjúkdómum, krabbameini í talfærum eða elliglöpum.

Talmeinafræðingar þurfa því að hafa góða þekkingu á 1) almennum þroska barna (sérstaklega hvað varðar tal-, mál- og hreyfiþroska), 2) tauga- og líffærafræði efri meltingar-, öndunar- og talfæra, 3) vitsmunabáttum sem stýra hugsun, gerðum og tjáningu, ásamt grunnþekkingu á margvíslegum heila- og taugasjúkdómum. Einnig er mikilvægt að talmeinafræðingar hafi góða þekkingu og færni í íslensku tal- og ritmáli.

Talmeinafræðingar starfa eftir tilvísunum frá lækni en vinna þó sjálfstætt að sínum greiningum og meðferð án beinnar handleiðslu annarra sérfræðinga. Þeir þurfa að búa yfir góðri samskiptafærni og vera lausnamiðaðir í hugsun. Þeir útbúa próf, meðferðar- og fræðsluefni og bera ábyrgð á faglegri þróun starfsins auk þess að sinna fræðastarfi og kennslu. Símenntun í formi greinalesturs, námskeiða og fyrirlestra gegnir mikilvægu hlutverki í starfi talmeinafræðinga til að þeir geti byggt meðferð sína á gagnreyndum aðferðum.

Samþykkt af stjórn FTÍ haust 2015